



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

LITLI TÓNSPROTINN

# JÓLATÓNLEIKAR

15. & 16. DESEMBER



# JÓLATÓNLEIKAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 15. & 16. DESEMBER 2012 » 14:00 & 16:00

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Trúðurinn Barbara** kynnir

**Þóra Einarsdóttir** einsöngvari

**Magni Rúnar Kristinsson** einleikari

**Jón Arnar Sigurðarson** einleikari

**Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir** einleikari

**Nemendur úr Listdansskóla Íslands**

**Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar**

**Karen Janine Sturlaugsson** kórstjóri

**Stúlknakór Reykjavíkur**

**Margrét J. Pálmadóttir** kórstjóri

---

**Sigurður Ingvi Snorrason** *Jólaforleikur*

**Guðni Franzson**

*Jólin koma*

*Jólagasvíta fyrir sögumann,  
sópran, barna- og bjöllukór*

**Friðrik Bjarnason**

*Jólasveinar ganga um gólf*

**Katherine K. Davis**

*Litli trommuleikarinn*

**Howard Blake**

*Úr snjókarlinum:*

*Við líðum hér um loft  
Dans snjókarlanna*

**Sigvaldi Kaldalóns**

*Nóttin var sú ágæt ein*

**Franz Xaver Gruber**

*Heims um ból*

---

Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikunum stendur.

Tónleikarnir eru um það bil klukkustundar langir og án hlés.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður þeim útvarpað á Rás 1 á annan dag jóla.

---

Myndir í tónleikaskrá eru teiknaðar af Þórarni Má Baldurssyni.

BAKHJARLAR



GAMMA

## Bernharður Wilkinson

hefur stjórnað tónleikum Litla tónsprotans oftár en nokkur annar hljómsveitarstjóri og er mikill þungavigtarmaður í tónlistaruppeldi ungmenna á Íslandi. Hljóðfærið hans Benna er þverflauta en þegar hann var ungur drengur söng hann í kór Westminster Abbey í London. Benna er ógleymanleg eftirvæntingin að morgni jóladags þegar gjafirnar úr jólasokknum voru opnaðar og ilminn af mandarínnum lagði um húsið en þær voru ekki jafn algengar þá og í dag.

## Þóra Einarsdóttir

byrjaði að syngja í Barnakór Mýrarhúsaskóla þegar hún var sjö ára. Margrét Pálmadóttir kórstjóri heyrði hvað hún hafði fallega rödd og hvatti hana áfram. Nú syngur hún í óperum og á tónleikum um allan heim. Henni finnst skemmtilegast að fara með sonum sínum í sund og á skíði. Uppáhalds jólagagið hennar er *Heims um ból*.

## Magni Rúnar Kristinsson

er í 8. bekk í Kópavogsskóla. Það var mikið gæfuspor þegar hann byrjaði að æfa á trommur hjá Skólahljómsveit Kópavogs haustið 2008. Hann hefur auk þess æft fótbolta hjá Breiðablik í átta ár. Í fyrra tók Magni Rúnar þátt í Jólagestum Björgvins Halldórssonar og fannst það mikil upplifun.

## Jón Arnar Sigurðarson

er í 7. bekk í Salaskóla. Hann hefur lært á slagverk hjá Skólahljómsveit Kópavogs í þrjú ár og æfir einnig golf og fótbolta. Jón Arnar hefur áhuga á tónlist og söng og er með mikla golfdellu en hann byrjaði að fara í golf aðeins tveggja ára gamall.

## Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir

er í 10. bekk í Foldaskóla. Hún stundar slagverksnám hjá Skólahljómsveit Grafarvogs og lauk miðprófi fyrr á þessu ári. Lóa hefur spilað með Ungsveit Sinfóníunnar, Ungfóníunni og Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík. Tónlist á hug hennar allan en hún er enn fremur trommuleikari í hljómsveitinni White Signal sem vann til verðlauna á Músíktílaunum 2012.





## Jólaforleikurinn

hans Sigurðar Ingva er útsettur sérstaklega fyrir jólatónleika Litla tónsprotans. Það var ósk hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitarinnar að fá að leika íslensk jólalög í upphafi tónleikanna í ár. Sigurður sem lék á klarínettu með hljómsveitinni í mörg ár útsetti syrpu af íslensku jólalögnum: *Nóttin var sú ágæt ein* eftir Sigvalda Kaldalóns, *Það á að gefa börnum brauð* eftir Jórinni Viðar, *Hin fyrstu jól* eftir Ingibjörgu Þorbergs, *Aðfangadagskvöld jóla* eftir Sigvalda Kaldalóns og *Jólin allsstaðar* eftir Jón Sigurðsson. Syrpan á án efa eftir að lifa með hljómsveitinni um ókomin ár.

## Jólin koma

jólagasvíta eftir Guðna Franzson, er samin við texta samnefndrar bókar Jóhannesar úr Kötlum þar sem gömlu jólasveinunum, Grýlu, Leppalúða og jólakettinum er lýst sem hinum mestu ólíkindatólum. Svítan endar á einu fallegasta jólalagi síðari ára, *Jólabarninu*. Guðni hefur kynnt íslensku jólasveinana fyrir börnum í tali og tónum í Þjóðminjasafni Íslands til margra ára og með hjálp tónlistarinnar dregið upp af þeim ógleymanlega hljóðmynd.

## Jólasveinar ganga um gólf

er gömul þjóðvísa. Lagið er eftir Friðrik Bjarnason og kom fyrst út á prenti árið 1949 og hefur notið jafn mikilla vinsælda og lögin hans *Í Hlíðarendakoti* og *Hafið, bláa hafið*. Brot úr vísunni hefur verið tengt við danskvæði eða vikivaka og því við hæfi að stíga dans með Barböru undir hljóðfæraleik og söng. Könnustóllinn sem sungið er um í kvæðinu var lítið borð til þess að setja könnu á.

## Litli trommuleikarinn

er jólalagi frá árinu 1941 eftir bandaríska tónskáldið og trommuleikarann Katherine K. Davis. Lagið hefur unnið hug og hjörtu bæði innlendra og erlendra flytjenda sem hafa í yfir hálfu öld dáðst að *Litla trommuleikaranum*. Á tónleikum Litla tónsprotans spreyta þrír ungir trommuleikarar sig á einleikshlutverkinu, þau Magni Rúnar, Jón Arnar og Svanhildur Lóa, en þau voru hlutskörpust í áheyrnarprufu fyrir jólatónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar sem haldin var í október.

## Snjókarlinn

eftir enska höfundinn Raymond Briggs er myndskreytt ævintýri án orða sem var gefið út árið 1978. Ævintýrið er um dreng og snjókarl sem lifnar við þegar klukkan slær tólf á miðnætti og ógleymanleg atburðarás hefst. Bókin varð að 26 mínútna langri mynd árið 1982 sem var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna. Tónlistina við myndina samdi Howard Blake og heyrum við lögin *Við líðum hér um loft* og *Dans snjókarlanna*. Við fyrrnefnda lagið dansa nemendur Listdansskóla Íslands dans sem nefndur hefur verið *Dansandi snjókorn*.

## Nóttin var sú ágæt ein

eftir Sigvalda Kaldalóns er nú flutt í fyrsta sinn í nýrri útsetningu eftir Hrafinkel Orra Egilsson sellóleikara í Sinfóníuhljómsveitinni. Lagið kom fyrst út í ársbyrjun 1941 eftir að Sigvaldi sá kvæði séra Einars Sigurðssonar í tímaritinu *Vikunni*. Sigvaldi sá strax hvað kvæðið var fallett og í bréfi til vinar síns sagðist hann hafa hnoðað saman lagi sem hann vonaði að fólki þætti sémilegt. Á þessum tíma hefur Sigvaldi ekki geta séð fyrir þær vinsældir sem lagið hans átti eftir að njóta.

## Heims um ból

er án efa eitt hátíðlegasta jólalagi allra tíma en það var samið á jólum árið 1818. Prestinn Jósef Mohr langaði til að flytja nýtt lag í kirkjunni sinni í smábænum Oberndorf í Austurríki á aðfangadagskvöld. Hann hafði samið jólakvæði nokkru áður og bað vin sinn Franz Xaver Gruber organista að semja við það lag sem hægt væri að syngja við gítarundirleik. Gruber samdi lagið *Heims um ból* sem síðan þá hefur verið órjúfanlegur þáttur jólahalds um víða veröld. Á jólatónleikum Litla tónsprotans er frumflutt ný hátíðarútsetning eftir Sigurð Ingva Snorrason af þessu sígilda jólagagi.





## Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

er skipaður tíu nemendum á aldrinum 15 til 19 ára. Bjöllukórinn er hluti af tónlistarnámi nemendanna og hefur kórinn komið fram við ýmis tækifæri í Reykjanesbæ en þar kveður við nýjan tón því bjöllur eru sjaldséðar í íslenskum tónlistarskólum. Bjöllur eiga vel við á tónleikum á aðventu með sínum hátíðlega tónblæ og útliti. Stjórnandi bjöllukórsins er Karen Janine Sturlaugsson en hún stjórnaði fyrsta bjöllukór Íslands árið 1976.

## Listdansskóli Íslands

var stofnaður árið 1952 og hefur æ síðan verið í fararbroddi danslistar á Íslandi. Í Listdansskólanum fá börn frá níu ára aldri þjálfun í öllu því sem þarf til þess að geta dansað bæði klassískan ballett og nútímadans. Sum þeirra hafa orðið atvinnudansarar, bæði hér heima og í öðrum löndum. Helena Jóhannsdóttir kennari hefur samið dansinn *Dansandi snjókorn* fyrir nemendur 5. stigs sem eru 13-14 ára. Nánari upplýsingar um Listdansskóla Íslands má finna á [www.listdans.is](http://www.listdans.is).

## Stúlknaður Reykjavíkur

var stofnaður af Margræti J. Pálmadóttur kórstjóra haustið 1995 og hefur hún verið aðalstjórnandi hans síðan. Stúlkurnar eru á aldrinum 5-20 ára og koma frá öllum grunnskólum og framhaldsskólum Reykjavíkur og nágrennis. Stúlknaðurinn er fullskipaður í dag með um 130 félaga í aldurskiptu starfi. Starf Stúlknaðorsins byggir meðal annars á því að þroska söngnæmi nemenda með því að flytja kórtónlist af ýmsum toga. Stúlkurnar stunda einnig einsöngsnám við söngskólann Domus Vox og þannig er söngur orðinn stór þáttur í lífi þeirra.

## Maxímús Músíkús Lilja Hákonardóttir

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

er stærsta hljómsveit á Íslandi. Sinfóníuhljómsveitin er hljómsveit allra landsmanna sem heldur reglulega tónleika í Hörpu. Hljómsveitin fer stundum í tónleikaferðir út á land og til útlanda. Í Sinfóníuhljómsveitinni eru hljóðfæraleikarar sem eiga langt hljóðfæranám að baki enda eru þeir allir meistarar, hver á sínu sviði.

Heimsæktu vef Sinfóníuhljómsveitarinnar [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

**Barbara spyr:**

„Getur þú greitt úr orðaruglinu?“  
Skrifaðu rétt heiti við hvert hljóðfæri.



NÓAFÍ

.....



NAMMISTERLOR

.....



NASÚBÁ

.....



RANTOISSKAB

.....



TABÚ

.....



# Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Helena Fanney Sölvadóttir  
Hinrik Hafsteinsson  
Jón Böðvarsson  
Margrét Vala Kjartansdóttir  
Ragnheiður Eir Magnúsdóttir

Sandra Rún Jónsdóttir  
Sævar Bachmann Kjartansson  
Sævar Helgi Jóhannsson  
Þórunn Salóme Brynjólfsdóttir  
Þórhallur Arnar Vilbergsson

## Listdansskóli Íslands

Andrea Líf Erlendsdóttir  
Anna Guðrún Tómasdóttir  
Diljá Sveinsdóttir  
Erna K. Jónasdóttir  
Eygló Björk Birgisdóttir  
Helena Marína Salvador  
Henrietta Hrefna Pálsdóttir  
Hrefna K. Jónasdóttir  
Júlía Kolbrún Sigurðardóttir

Karen Eik Sigurðardóttir  
Katla Hauksdóttir  
Maria Nathalie Mai  
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir  
Sara Björk Vilhjálmsdóttir  
Sesselja Borg Þórðardóttir  
Urður Einarsdóttir  
Viktória Björk Ferrell

## Stúlknakór Reykjavíkur

Agnes Jórunn Andrésdóttir  
Alexía Rut Guðlaugsdóttir  
Alma Ágústsdóttir  
Aníta Sif Eiríksdóttir  
Anna Alexandra Haraldsdóttir  
Anna Zhu Ragnarsdóttir  
Arney Helga Arnfreðsdóttir  
Auður Ísold Hilmarsdóttir  
Ágústa Ýr Ásgeirsdóttir  
Ása Alexía Unnarsdóttir  
Ásdís Ósk Eiríksdóttir  
Ástrós Magna Vilmundardóttir  
Ástrún Helga Jónsdóttir  
Björk Ásgrímsdóttir  
Bryndís Eva Erlingsdóttir  
Dagbjört Andrésdóttir  
Dagný Sól Steinsdóttir  
Dorothea Halldórsdóttir  
Dögg Magnúsdóttir  
Elena Bjarnadóttir  
Elínborg Una Einarsdóttir  
Elísa Þórhildur Kristgeirsdóttir  
Elísabet Thea Kristjánsdóttir  
Elma Sól Halldórsdóttir  
Eydis Anna Sigurðardóttir  
Eygló Káradóttir  
Eyrún Úa Þorbjörnsdóttir  
Freyja Guðrún Mikkelsdóttir  
Freyja Sóllilja Sverrisdóttir  
Guðbjörg Elín Gunnarsdóttir  
Guðlaug Li Smáradóttir  
Guðný Guðmundsdóttir  
Guðríður Elísa Pétursdóttir  
Guðrún Björg Gunnarsdóttir  
Guðrún Steinunn Sigurgeirsdóttir  
Halldóra Sólveig Einarsdóttir  
Heiða Björk Garðarsdóttir  
Heiða Darradóttir  
Helena Hafsteinsdóttir  
Helga Chan Haraldsdóttir  
Helga Katrín Jónsdóttir  
Hera Eiríksdóttir  
Hera Sif Kristinsdóttir  
Herborg Lúðvíksdóttir  
Hildur Helga Jónsdóttir  
Hildur Iðunn Sverrisdóttir  
Hildur Jara Magnúsdóttir  
Hólmfríður Benediksdóttir  
Hrafnhildur Edda Erlingsdóttir  
Hugrún Helga Stefánsdóttir  
Iðunn Hafsteinsdóttir  
Ingeborg Andersen

Ingibjörg Hrönn Jónsdóttir  
Ísabella Halldórsdóttir  
Ísól Rut Reynisdóttir  
Jana Björg Þorvaldsdóttir  
Jana Katrín Magnúsdóttir  
Jasmín Dúfa Pitt  
Júlía Rún Jónsdóttir  
Júlianna Karitas Jóhannsdóttir  
Karitas Sumati Árnadóttir  
Karólína Rut Lárusdóttir  
Katrín Hrund Pétursdóttir  
Kenya Mist Burr  
Klara Sigurðardóttir  
Kolbrún Líf Dönnudóttir  
Kristbjörg Arna Þorvaldsdóttir  
Kristín Vilbergsdóttir  
Kristjana Guðbjartsdóttir  
Lára Debaruna Árnadóttir  
Lilja Guðmundsdóttir  
Margrét Rán Rúnarsdóttir  
María Cristina Kristmanns  
María Ósk Steinsdóttir  
María Sigríður Ágústsdóttir  
Marta Friðriksdóttir  
Matthildur G. Hafliðadóttir  
Matthildur Steinbergsdóttir  
Nanna Katrín Hannesdóttir  
Ósk Hoi Ning Chow Helgadóttir  
Rakel Rósa Ingimundardóttir  
Sandra Dögg Steinsdóttir  
Sara Isabel Gunnlaugsdóttir  
Sara Sól Odle  
Selma Katrín Ragnarsdóttir  
Sif Arnadóttir  
Sigrún Guðmundsdóttir  
Sigrún Helga Geirsdóttir  
Sigrún Valdís Kristjánsdóttir  
Sólveig Erla Erlingsdóttir  
Sólveig Svava Gísladóttir  
Steinunn Margrét Styrmissdóttir  
Steinunn Þorvaldsdóttir  
Thelma Rut Rúnarsdóttir  
Thelma Yngvadóttir  
Tinna Barkadóttir  
Tinna Björk Rögnvaldsdóttir  
Una Kamilla Steinsen  
Vala Wium  
Viktória Sól Reynisdóttir  
Þórdís Hlöðversdóttir  
Þórunn Eir Pétursdóttir  
Þórunn Inga Ólafsdóttir



# Hljómsveit á tónleikum

15. & 16. desember 2012

## 1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Rut Ingólfssdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Mark Reedman  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir  
Greta Guðnadóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Þórdís Stross  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
María Weiss  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

## VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Kathryn Harrison  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Lovísa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Eydis Franzdóttir

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Elísabet Waage

## PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink

# Á döfinni



## Náttfatapartý

Laugardaginn 9. mars kl.14:00

Það er tilvalið að láta fara vel um sig í náttfatapartíi Sinfóníunnar þar sem falleg næturtónlist og ljúfar kvöldlokkur ásamt vöggvísimum hljóma í vel stilltum ljósum Eldborgarsalar Hörpu. Hvað er unaðslegra en að lygna aftur augunum og svífa á vit drauma undir slíkri tónlist. En í öllum náttfatapartíum þarf góða draugasögu, eitthvað til að halda fólki vakandi, allavega í smástund. Slíkir spennutónar slæðast með á þessa tónleika en einnig tónlist sem kveður niður allan draugagang. Sigurður Flosason fer með okkur í þjóðsagnarkennt ferðalag þar sem hann galdrar fram ótrúlega töfra úr seiðmagnaða hljóðfærinu sínu. Gaman er að koma í náttfötunum með uppáhalds bangsann sinn á tónleikana.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Trúðurinn Barbara** kynnir

**Sigurður Flosason** einleikari



## Álfar og riddarar

Laugardaginn 11. maí kl. 14:00

Nýtt og spennandi tónlistarævintýri eftir færeyska þríeykið Rakel Helmsdal rithöfund, Kára Bæk tónskáld og myndskreytingu Janus á Húsagarði. Einstaklega kraftmikið og heillandi færeyskt ævintýri sem byggir á minninu um riddarann Ólaf Liljurós og hetjudáðum hans. Seiðandi danstónlist, kraftmikið slagverk og riddaraleg lúðraköll einkenna þetta framúrskarandi barnaverk. Myndskreytingum Janusar er varpað upp á stórt tjald meðan á flutningi ævintýrsins stendur. Íslensk rímnadanslög Jóns Leifs og útsetning Atla K. Petursens á Ólafi riddararós er kröftug og hressileg tónlist á þjóðlegum nótum sem rímar einkar vel við riddarann og álfastúlkuna.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Benedikt Erlingsson** sögumaður

# Jólagjöf sem hljómar vel

Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar Íslands er tilvalin gjöf fyrir alla unnenndur tónlistar. Gjafakortin fást í miðasölu Hörpu.

Gefðu hljómfagra upplifun í jólagjöf.



## Heims um ból

Heims um ból helg eru jól,  
signuð mæð son Guðs ól,  
frelsun mannanna, frelsisins lind,  
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind  
:,:meinvill í myrkrunum lá.:,:

Heimi í hátíð er ný,  
himneskt ljós lýsir ský,  
liggur í jötunni lávarður heims,  
lifandi brunnur hins andlega seims,  
:,:konungur lífs vors og ljóss.:,:

Heyra má hinnum í frá  
englasöng: „Allelújá“.  
Friður á jörðu, því Faðirinn er  
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér  
:,:samastað syninum hjá.:,:

Sveinbjörn Egilsson

